

Mál nr. 344/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs/Slysaftrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 1. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. desember 2022.
4. Matsgerð dags. 15. desember 2022.
5. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. desember 2022.
6. Viðbótarathugasemdir V dags. 6. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
7. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. janúar 2023.
8. Viðbótarathugasemdir V dags. 17. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. apríl 2021 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við starf sitt í þágu X. Atvik hafi verið þau að M var að vinna á lyftara og var búinn að opna hurð lyftarans um ca. 30 sentimetra og hélt í hurðina þegar sterk vindhviða feykta henni upp með þeim afleiðingum að hurðarpumpa sem átti að halda henni losnaði frá. Við það hafi komið verulegur hnykkur á allan vinstri handlegg M. Búi hann enn við afleiðingar þessa. Í málskoti kemur fram að aðallega sé krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X en til vara úr slysaftryggingu launþega X. Hvað varði síðarnefndu kröfuna þá sé ljóst að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína vegna slyss sem uppfylli skilyrði slyshugtaks váttryggingaréttar, þ.e. um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli M tjóni án vilja hans. Hvað kröfu úr ábyrgðartryggingu X varðar byggir M á því að vanbúnaður, þ.e. veikleiki eða bilun í hurðarbúnaði lyftarans hafi orðið til þess að hún hurðin fauk upp með slíkum krafti að tjón hlaut af. Hefði pumpan haldið með eðlilegum hætti hefði þá ekki komið til tjóns M. Því hafi verið um að ræða skaðabótaskyldan vanbúnað sem X hafi mátt vera kunnugt um og hefði eftirliti og viðhaldi verið sinnt sem skyldi hefði M ekki orðið fyrir tjóni. Í eftirfarandi úrbótum hafi sérstökum búnaði, þ.e. borða, verið komið fyrir við hurðarpumpuna til að koma í veg fyrir sambærileg slys. Með því hafi X í verki samþykkt að frekari úrbóta væri þörf og með því fallist á sök sína í málinu. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í þeim.

Hvað varðar bótakröfu úr slysaftryggingu launþega kemur fram í bréfi V til nefndarinnar að fallist sé á þá kröfu. Þá kemur fram að umræddur lyftari hafi verið yfirfarinn reglulega, síðast mánuði fyrir umrætt slys og hafi hurðarpumpur þá reynst í lagi, en þeim hafi áður verið skipt út eftir þörfum. Eftir umrætt atvik hafi pumpan verið ónýtt og skipt hafi verið um hana og enda hennar, en einnig hafi verið bætt við aukareim til að draga úr líkum á að atvikið endurtæki sig. Í ljósi þess að ummerki var að finna á hurðarbúnaði, svo og því að X hafi staðfest atvikalýsingu M í tilkynningum til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands sé fallist á að um bótaskyldan slysaatburð sem slíkan hafi verið að ræða. Hins vegar telur V ekki sýnt fram á að M hafi hlotið líkamsmeiðsl við umræddan atburð enda hafi hann verið við vinnu áfram og ekki upplýst X eða lækni um meiðsl sín fyrr en tveimur vikum síðar. Ýmislegt annað gæti hafa orsakað áverka hans, þ.e. hlutarof á bicepsin, en auk þess hafi ekki verið tekin afstaða til tengsla þeirra einkenna við fyrra heilsufar M. Hvað varði kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hafi á engan hátt verið sýnt fram á að umræddum búnaði hafi verið áfátt, að slyshætta hafi fylgt notkun hans eða að X hafi verið kunnugt um neitt slíkt. Hurðarpumpum sé ætlað að auðvelda opnun og lokun hurða en geti ekki komið í veg fyrir að hurðir fjúki upp í miklum vindi. Um óhappatilviljun hafi því verið að ræða og einnig mögulegt aðgæsluleysi M sjálfs sem ekki hefði sýnt næga aðgæslu til samræmis við veðuraðstæður.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að líta verði svo á að atvik sem slík séu óumdeild, ekki síst með hliðsjón af viðurkenningu V á því að um bótaskyldan atburð sem slíkan hafi verið að ræða. Ágreiningur aðila snúi því fyrst og fremst að því hvort skilyrði skaðabótaskyldu X séu uppfyllt. M bendir á að ekki hafi verið lögð fram gögn er sýni fram á eftirlit með umræddum lyftara og viðhald

hans. Verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti, og hefði X, sem hefði verið kunnugt um slysið nokkrum dögum eftir að það atvikaðist, hæglega getað hlutast til um fullnægjandi rannsókn á orsökum og tildrögum þess. M byggi þá á því að slys hans verði rakið til þekkrar bilunar í hurðarbúnaði lyftarans. Það liggja enda fyrir að skipt hafi verið um hann áður, en slík útskipti geti ekki hafa komið til nema vegna galla, bilunar eða lítilla gæða pumpunnar. Þá liggja ekki fyrir hvort „nýja“ pumpan hafi verið sömu gerðar og sú sem var skipt út af þessum orsökum. Hafi starfsmenn X því mátt gera sér grein fyrir að hurðarbúnaðurinn væri ekki nægilega traustur, en vindasamt sé á vinnusvæðinu og verði að miða öryggi búnaðar við það. Er því þá sérstaklega hafnað að um eigin sök M hafi verið ræða, enda hafi hann aðeins verið að sinna hefðbundnum vinnuskilydum sínum.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram sú afstaða að M hafi í engu fært rök fyrir því í hverju meint bilun eða ágalli hafi falist eða að X hafi haft vitneskju um neitt slíkt. Það að bæta við viðbótarbúnaði í þeim tilgangi að auka öryggi starfsfólks geti á engan hátt talist viðurkenning á saknæmum vanbúnaði. Þá sé það hluti af eðlilegu viðhaldi að skipta um hurðarpumpur, enda séu þær íhlutir sem slitni við venjubundna notkun. Það að áður hafi verið skipt um pumpuna sé því ekki sönnun þess að hún hafi verið örugg við notkun. Þá hafi M ekki tilkynnt X um slysið fyrr en 13 dögum eftir að það átti sér stað, og hafi hann verið við störf hluta þess tíma. Sakir þess, svo og þess að ekki sé ágreiningur um helstu atvik, verði ekki séð að hægt hefði verið að haga rannsókn betur og verði ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess. Þá eru lögð fram gögn um viðhaldssögu lyftarans auk upplýsinga frá framleiðanda um umræddar pumpur. Í viðhaldssögu lyftarans sé ekki minnst á útskipti á hurðarpumpum en fullyrt sé af hálfu X að ástand þeirra sé eitt þeirra atriða sem farið er yfir við reglulegt eftirlit.

Í viðbótarathugasemdum M er lýst þeirri afstöðu að það skjóti skökku við sé lagfæringa á hurðarpumpu ekki getið í viðhaldssögu lyftarans og hljóti skráningu X því að vera ábótavant. Í skráningu X um slysið komi þá fram að skipti á hurðarpumpu hafi síðast farið fram í nóvember 2013 og virðist pumpurnar hafa tilhneigingu til að gefa sig. Séu því að allar líkur á því að X hafi verið kunnugt um þennan ágalla fyrir slys M. Þá hafi ekki verið um óvenjumikinn vind að ræða, heldur aðeins eðlilegan miðað við íslenskar aðstæður og því ljóst að pumpan hafi ekki haldið hurðinni við venjulegar aðstæður. Fyrir liggja að lyftarinn hafi ekki verið búinn upprunalegum hurðarpumpum á slysdegi en ekkert liggja fyrir um þá pumpu sem gaf sig umrætt sinn, og byggi fullyrðingar X um gæði og eiginleika hennar eingöngu á getgátum. Sé því ljóst að umræddum búnaður hafi ekki uppfyllt kröfur um öryggi og aðbúnað á vinnustað og hafi það orsakað líkamstjón M.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir áréttaðar. Hurðarpumpa og pumpuendar séu hefðbundnir íhlutir sem geti þurft að skipta út eftir þörfum, líkt og þurrkublöðum, og sé þess ekki alltaf getið í viðgerðaskráningu. Gögn sýni þá fram á reglulegt eftirlit með lyftaranum og ætla megi að eftirlit með hurðarpumpum hafi verið innifalið í því og ekkert gefi til kynna að X hafi verið eða matt vera kunnugt um að þær væru í ólagi. Þá geti vindstyrkur í hviðum verið mikill þó ekki liggja fyrir gögn um hver hann hafi verið við umrætt atvik, og sé svo geti engin hurðarpumpa haldið við.

Álit.

Hvað varðar kröfu M um bætur úr slysatryggingu launþega þá liggur fyrir að V hefur, með bréfi dags. 2. desember 2022, fallist á þá kröfu. Verður því ekki fjallað frekar um þann lið málsins.

Hvað varðar kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X þá er það svo að almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M því sönnunarbyrði þess að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögðra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Eins og atvikum er háttáð þykir þá ekki ástæða til að víkja frá fyrrgreindum almennum sönnunarreglum.

M byggir á því að umræddur hurðarbúnaður hafi verið haldinn vanbúnaði. Liggur þó ekkert fyrir um það í hverju sá vanbúnaður hafi falist, þ.e. með hvaða hætti ástand pumpunnar fyrir slysið hafi verið ófullnægjandi eða að augljós slyshætta hafi verið fyrir hendi. Liggur þannig ekkert fyrir um að umrædd pumpa hafi verið úr sér gengin eða festingum hennar eða útbúnaði á annan hátt ábótavant. Þó í kjölfar slyssins hafi verið tekin ákvörðun um að koma fyrir viðbótaröryggisbúnaði verður það ekki talið fela í sér viðurkenningu á sök eða sönnun þess að búnaðurinn hafi í sjálfu sér verið ófullnægjandi. Né heldur verða neinar sérstakar ályktanir um ástand pumpunnar dregnar af því að skipt hafi verið um pumpu í umræddum lyftara á árinu 2013. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að eftirliti með búnaði lyftarans hafi

verið ábótavant. Í málskoti kemur fram að hurðin hafi fokið upp í „mjög sterkri vindhviðu“. Í atvikalýsingu í öðrum gögnum er ýmist talað um „sterka vindhviðu“ eða að hurðin hafi fokið upp. Þó hurðarpumpan hafi ekki haldið við við slíkar aðstæður verður ekki dregin af því sú ályktun að hún hafi verið vanbúin þannig að leiði til skaðabótaskyldu X. Það er enda M sem, eins og áður segir, ber hallann af sönnunarskoti hvað það varðar. Er því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð vegna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V. M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir